

KENNARARÁÐ

Fimmti fundur ráðsins var fjarfundur í Teams-kerfinu. Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 18. nóvember 2020 kl. 10:00.

Fundarmenn:

Boðaðir voru allir aðalfulltrúar ráðsins.

Mætt:

Birgir Urbancic Ásgeirsson formaður sem stýrði fundinum, Anna María Gunnarsdóttir, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur F. Gíslason, Gunndís Ýr Finnbogadóttir (varamaður Ingimars Ólafssona Waage), Kristinn Þorsteinsson (varamaður Guðbjargar Aðalbergisdóttur), Ragnar F. Ólafsson, Sonja Dögg Pálsdóttir og Þorgerður Diðriksdóttir.

Boðuð forföll: Karl Frímannsson, Ingimar Ólafsson Waage.

Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður Menntamálastofnunar ritaði fundargerð.

Dagskrá og fundargerð:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir gerðar við dagskrá fundarins né fundargerð síðasta fundar. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Staða vinnuhópa

a. *Vinnuhópur um hæfniramma fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara.* Varaformaður ráðsins, hópstjóri, fór yfir vinnu hópsins. Greint var frá því að hæfniramma EI og UNESCO er lagður til grundvallar vinnunni. Í vinnuáætlun hópsins er gert ráð fyrir að hæfniramminn verði kynntur í kennararáði fyrir áramót en vegna aðstæðna í samfélaginu gæti það orðið seinna. Í umræðum kom í ljós að hópurinn hefur einbeitt sér að því að skoða almennu hæfnina.

Í umræðum voru rædd álitamál sem hafa komið upp í háskólunum og hjá Menntamálastofnun frá því að lögin tóku gildi. Fulltrúar frá HÍ og Menntamálastofnun munu funda með lögfræðingum ráðuneytisins með það að markmiði að skýra einstakar greinar laganna. Niðurstöðu þess fundar verður skilað til kennararáðsins og vinnuhóps 1.

b. *Vinnuhópur um sérhæfða hæfni skólastjórnenda.* Formaður ráðsins, meðlimur hópsins, fór yfir vinnu hópsins í fjarveru Svandísar Ingimundardóttur. Hópurinn hefur haft hæfniramma um sérhæfða hæfni menntastjórnenda frá Kanada og Wales til hliðsjónar ásamt gögnum frá SÍ og Sambandi ísl. sveitarfélaga og SMÍ. Næstu skref er að hópurinn samræmi sig við vinnu vinnuhóps 1 ásamt því að skoða hvort lög um embættismenn og forstöðumenn ríkisstofnana stangast á við vinnu hópsins.

c. *Vinnuhópur um hæfni kennara í íslensku.* Ragnar F. Ólafsson sagði frá vinnu hópsins. Hópurinn hefur skoðað hæfniramma frá öðrum löndum. Hann hefur einnig skoðað námskeiðslýsingar háskólanna í íslensku ásamt því að skoða stöðupróf í tungumálum í öðrum löndum. Í vinnunni kom hefur komið í ljós að til er stöðupróf í íslensku á þrepi B2. Í umræðum var rætt um hvort íslenskukunnátta ætti að vera forsenda þess að nemar stundi kennaranám og einnig hvort og þá hvernig ætti að gera mismunandi kröfur til kennara eftir því á hvaða skólastigi þeir kenna. Rætt enn fremur um hvort hæfniramminn ætti að vísa í ákveðin hæfniþrep tungumálsins eða ekki.

d. *Vinnuhópur um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.* Anna María Gunnarsdóttir hópstjóri greindi frá því að annar fundur þessa vinnuhóps verður á morgun, 19. nóvember. Þá er á dagskrá að skoða gögn sem varða vinnu hópsins.

3. Önnur mál.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 16. desember kl. 10 og verður hann haldinn á Teams.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 11:30.